



Ég undirrituð, Sigríður Lilly Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar, gef hér með kost á mér til formanns Félags forstöðumanna ríkisstofnana.

Ég hef gegnt núverandi forstjórarstarfi frá 1. nóvember 2007, sett frá þeim degi, en skipuð frá 6. febrúar 2008.

Áður var ég skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, verkefnisstjóri í utanríkisráðuneytinu þar sem ég styrði m.a. þátttöku okkar í tveimur ráðstefnum Sameinuðu þjóðanna, lektor við Tækniskóla Íslands, kenndi eðlisfræði, tölfræði og stærðfræði, stundarkennari við Háskóla Íslands í eðlisfræði, vísindaheimspeki og vísindasögu, sérfræðingur á geisladeild Landsspítalans og framhaldsskólakennari. Ég er eðlisfræðingur og vísindasagnfræðingur að mennt, með kennsluréttindi og framhaldsnám í endurhæfingarverkfræði.

Ég hef verið nokkuð virk í félagsmálum. Var varaþingmaður fyrir Kvinnalistann hér um árið, sat í ýmsum nefndum, stjórnnum og ráðum fyrir samtökin, bæði á vettvangi landsmálanna og Reykjavíkurborgar. Verkefnin voru aðallega á sviði orku- og veitumála, menntamála, félagsmála og almannatrygginga. Frá því að Kvinnalistinn var lagður niður hef ég ekki tekið þátt í flokkspólitísku starfi en lagt mitt til annarra félagsstarfa. Var t.d. í stjórn félags eðlisfræðinga, formaður Kvenréttindafélagsins um tíma, stofnaði UN-Women, var þar í stjórn og formaður fyrsta kastið – svo eitthvað sé tiltekið.

Þá átti ég um nokkurra ára skeið sæti í stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana, en gef nú kost á mér til formannsstarfsins vegna brennandi áhuga á því að leggja mitt af mörkum til þess að bæta starfskjör og ímynd minna ágætu kollega og mikilvægu stofnananna sem við förum fyrir. Þar eru vissulega ærin verkefni framundan í breyttu, spennandi en krefjandi umhverfi. Mikilvægt er að fara af festu en yfirvegað í þá vinnu. Gæta þess að dvelja ekki í eintóna umræðu um krónur og aura þó að hana þurfi vissulega að taka, heldur leggja áherslu á mikilvægi starfsins, umfang þess og ábyrgð. Fræða og veita upplýsingar um verkefni okkar og hvernig þau eru leyst af hendi. Ná góðu sambandi við samfélagið og þau sem vinna með okkur að því að skapa nýjan grundvöll og breytt starfsskilyrði fyrir okkur forstöðumenn ríkisstofnana. Ég er reiðubúin að fara í þessi verkefni af heilum hug og tel mig hafa þá þekkingu og reynslu sem til þarf.